

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 4. október 2010.

Fundað með bekkjarfulltrúum.

Mættir voru:

Foreldrafélagið: Vaka, Ásdís, Erla Rán, Höskuldur og Inga

Bekkarfulltrúar: Nanna (4. bekkur), Höskuldur (5. bekkur), MAN ekki nafnið karlm, Man ekki nafnið (1. bekkur), Ágúst (7. bekkur)

Vaka bar upp þá hugmynd sem var ákveðin á síðasta fundi Foreldrafélagsins að þrískipta vetrinum og var það samþykkt. Hverjum árgangi á yngsta stigi og 8. bekk er skipt upp eftir stafrófi í 3 hópa en 6. og 7. bekk er skipt upp í 3 hópa eftir stafrófsröð hópsins.

Fyrsta tímabil vetrarins er frá október til 1. desember

Annað tímabil vetrarins er frá janúar til 1. apríl

Þriðja tímabil vetrarins er frá 1. apríl til 15. maí

Fundarmenn ákváðu að setja upp ramma um hvað skuli gera á hverju tímabili.

Bekkarfulltrúum er frjálst að bregða út frá þessum ramma en

Foreldrafélaginu/bekkarfulltrúum langar að móta hefðir í hverjum árgangi þannig að hægt sé að ganga að einhverjum uppákomum vísu. Þær uppákomur eru dökkletraðar.

	Október – desember	Janúar – mars	Apríl – maí
1. bekkur	Spilakvöld/náttfatakvöld	Uppákoma með kennurum	Naustaborgir
2. bekkur	Spilakvöld/náttfatakvöld	leikir	Hestaferð
3. bekkur	Spilakvöld/náttfatakvöld	Bingó	Naustaborgir
4. bekkur	Spilakvöld/náttföt	Kiðagil	Naustaborgir
5. bekkur	Spilakvöld/náttföt		Veiðiferð/dorgveiði
6. og 7. bekkur	Myndbandakvöld	Spilakvöld	Reykjaskóli/gisting í Naustaskóla
8. bekkur	Spilavist	Þorablót	

Rætt var um að skoða kostnað við að setja rukkanir vegna félagsgjalda í Foreldrafélagið í heimabanka foreldra. Inga gjaldkeri ætlar að skoða málið. Áætlað er að senda út rukkanir um næstu mánaðarmót, október/nóvember.

Foreldrafélagið ætlar að kanna verð á bingóvélum þannig að skólinn geti eignast alvöru græjur!